



Borgarráð  
Ráðhúsið  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2022

**Efni: Umsögn Barnaverndar Reykjavíkur vegna *Tillögu um stofnun umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur***

Vísað er í tölvupóst dags. 9. febrúar sl. frá Viktoríu Júlíu Laxdal þar sem fylgdu tvö skjöl. Annars végar bréf frá formanni barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 28. janúar 2022 til borgarstjóra og hins végar drög að tillögu um stofnun umdæmisráðs barnaverndar Reykjavíkur.

Í tölvupóstinum var óskað eftir umsögn framkvæmdastjóra Barnaverndar.

Barnavernd Reykjavíkur tekur að öllu leyti undir þá tillögu sem sett er fram í framangreindum bréfum. Í bréfi formanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur er ítarlega fjallað um þau verkefni sem umdæmisráð barnaverndarþjónustu tekur við af barnaverndarnefnd þann 28. maí nk. og mikilvægi þess að vandað verði til verka við skipan og stofnun umdæmisráðsins.

Barnavernd Reykjavíkur mun veita þá aðstoð sem þörf verður á í tengslum við undirbúning og stofnun umdæmisráðs og tryggja eins og hægt er farsælt samstarf við flutning á verkefnum og undirbúning verkferla vegna þeirrar miklu samvinnu sem framundan er milli barnaverndarþjónustu Reykjavíkur og umdæmisráðsins.

Sé óskað frekari upplýsinga, er velkomið að hafa samband við undirritaða.

Virðingarfyllst,

Katrín Helga Hallgrímsdóttir  
framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur